

Öldungadeild Skýrslutæknifélags Íslands:

Skýrsla til stjórnar félagsins um starfsemina á árinu 2007.

Skýrslufundur (aðalfundur) fyrir árið 2006 var haldinn miðvikudaginn 17. janúar 2007 að Laugavegi 178 og sóttu hann 9 félagar.

Öldungaráð var endurkjörið einróma og er svo skipað árið 2007:

Ágúst Úlfar Sigurðsson, Jóhann Gunnarsson, Oddur Benediktsson, Óttar Kjartansson og Örn Kaldalóns. Varamaður er Bergþóra K. Ketilsdóttir.

Félagsfundur var haldinn 20. september á sama stað, sóttur af 6 félögum.

Samkvæmt samþykkt skýrslufundar sendi stjórnin bankastjórum Landsbankans bréf snemma árs í því skyni að votta bankanum þakklæti fyrir hina ágætu afmælisýningu þar sem upplýsingatækninni voru gerð góð skil. Segir þar meðal annars:

Öldungadeildin vill nota þetta tækifæri til að lýsa yfir sérstakri ánægju með sögusýningu Landsbankans sem nú stendur yfir í Aðalstræti 6. Hvorttveggja ber að lofa, að svo mikið sem raun ber vitni skuli hafa verið varðveitt af minjum er snerta upplýsingatækni, og ekki síður þá alúð og vandvirkni sem lögð hefur verið í uppsetningu búnaðarins, öflun upplýsinga um einstök tæki og framsetningu þeirra. Hér eru á ferðinni ómetanleg menningarsöguleg verðmæti. Sú virðing fyrir sögunni sem fram kemur í þessu verki öllu er viðhorf sem Öldungadeild Skýrslutæknifélags Íslands vildi gjarnan sjá sem víðast. Hafið þökk okkar fyrir framtakið.

Látin var í ljós sú von að sem flestir sýningargripir yrðu varðveittir til framtíðar.

HiNC-2

Ráðstefnan History of Nordic computing 2 (HiNC-2) var haldin í Turku í Finnlandi dagana 21. – 23. ágúst 2007. Þrjú erindi frá Íslandi voru þar á dagskrá:

Gunnar Þorbergsson: *Early Use Of Computer For Adjusting Triangulation In Iceland.*

Oddur Benediktsson: *FORTRAN II - the First Computer Language used at University of Iceland.*

Óttar Kjartansson: *Data Processing with Unit Record Equipment in Iceland.*

Óttar átti ekki heimangengt, en að ráði varð að Skýrslutæknifélagið veitti Jóhanni Gunnarssyni styrk til að sækja ráðstefnuna. Flutti hann erindi Óttars með ívafi frá eigin brjósti.

Vegna framsals höfundarréttar er ekki unnt að birta erindin á söguvefnum, en á næstunni er væntanleg bók frá Springer Verlag með öllum erindum er flutt voru á ráðstefnunni. Gunnar og Jóhann greindu í stuttu máli frá efni erinda sinna á félagsfundinum 20. september.

Eins og gerð var grein fyrir á þeim fundi og í skýrslu um ferðina til móðurfélagsins dagsettri 25. ágúst var ráðstefnan mikil hvatning þeim er hana sóttu og jafnframt alvarleg áminning um það hve lítið hefur í raun verið aðhafst hér á landi til að varðveita sögu upplýsingatækninnar.

HiNC-3 og 4

Í lok ráðstefnunnar í Turku var leitað eftir tilboðum um að halda næstu ráðstefnu, og talið að hæfilegt væri að hafa 2 ár á milli í stað fjögurra. Enginn gaf sig fram, en allhart var lagt að íslensku þátttakendunum að taka málið að sér miðað við að næsta ráðstefna yrði 2009. Ekki töldu menn sig hafa umboð til að skuldbinda sig til slíks, en lofuðu að kanna fljótlega hvort þetta væri gerlegt. Skýrslutæknifélagið tók vel í erindið og hefur lýst sig reiðubúið að standa fyrir ráðstefnunni það ár. Í kjölfar þess fóru formaður SKÝ og formaður öldungadeildar á fund rektors Háskóla Íslands sem tjáði háskólann geta stutt málið með því að leggja til húsnæði enda tímasetning miðuð við annað hvort júní- eða ágústmánuð.

Þegar þetta tvennt lá fyrir var haft samband við erlenda forráðamenn ráðstefnunnar. Nokkuð dróst að þeir svöruðu, en um síðir kom í ljós að Svíar höfðu einnig lýst áhuga á að hýsa viðburðinn árið 2009. Tengist sá áhugi lokum umfangsmikils tveggja ára verkefnis um sögu upplýsingatækninnar sem unnið er í samvinnu sænska skýrslutæknifélagsins, deildar vísinda- og tæknisögu við Konunglega tækniháskólann í Stokkhólmi (KTH) og Vísinda- og tæknisafnsins, sem er ríkisrekið. Kom þetta á óvart þar sem boltinn var að mati Íslendinga sendur nokkuð ákveðið í þeirra hendur í Turku.

Í annarri viku janúar 2008 er málið ekki endanlega útkljáð, en Íslendingar hafa látið á sér skilja að vel megi fresta hingaðkomu ráðstefnunnar til 2011.

Húsnæðismál

Ákall öldungadeildar til félagsmanna SKÝ frá 2006 hefur ekki enn borið árangur og hefur húsnæisnefnd sem þá var sett á laggirnar ekki komið auga á aðrar leiðir til varanlegra úrbóta. Á ofanefndum fundi með rektor HÍ var minnst á dæmi frá Turku þar sem Åbo akademi hefur tekið frá um 50 fermetra húsnæði undir tölvuminjasafn, og var athyglisvert að sjá hve mörgu var þar fyrir komið í litlu rými. Ekki taldi rektor að húsnæði væri á lausu til varranlegrar varðveislu eða sýninga, en vel kæmi til greina í tengslum við afmælisár SKÝ, að setja upp litla sýningu, til dæmis í nýjum byggingum Háskólatorgs.

Öldungaráð hefur gert samstarfssamning við ORG-ættfræðipjónustuna og hafa tveir félagsmenn fengið athvarf í skjóli hennar með gögn tengd fyrri störfum sínum. Ekki er víst hversu húsnæði þetta er varanlegt, né heldur er það mikið að

rúmmáli.

Öldungadeild brýnir félagi sína og vildarvini í SKÝ á því að hafa augun opin fyrir mögulegu húsnæði.

Minjasöfnun - Söguvefur

Fátt er til frásagnar undir þessum lið á árinu 2007. Tvær nýjar greinar hafa komið á Söguvefinn, *Fyrstu ár Reiknistofnunar Háskóla Íslands* eftir Magnús Magnússon prófessor og *Upphaf tölvuvæðingar hjá Náttúrufræðistofnun Íslands* eftir Ágúst Úlfar Sigurðsson, en þar segir frá því hvernig starfsmenn skutu saman fyrir fyrstu PC-tölvunni með því að ráðstafa yfirvinnugreiðslum fyrir tiltekið verkefni til þeirra kaupa. Er tölva þessi varðveitt í stofnuninni.

Það vakti athygli Íslendinganna á Turku-ráðstefnunni að meðal þátttakenda voru allmargir sagnfræðingar og að deild vísinda- og tæknisögu við Konunglega tækniháskólann í Stokkhólmi stendur ásamt fleirum að átaksverkefni til að varðveita sögulegar heimildir um fyrstu ár upplýsingatækninnar á meðan þeir sem þau muna eru enn á lífi og viðræðuhæfir.

Í fyrnefndri heimsókn til rektors HÍ var minnst á þetta og spurt hvort áhugi gæti verið fyrir því að taka á þessu efni þar á bæ. Rektor kvaðst myndu vekja máls á þessu við hugvísindadeild. Væntanlega þarf öldungadeild að fylgja málinu eftir.

Umfangsmesta og merkasta verkið á árinu er ritun á sögu IBM á Íslandi. Sverrir Ólafsson, sem vann hjá IBM allan þann tíma sem fyrirtækið starfaði á Íslandi, er ritstjóri og aðalhöfundur, en allmargir aðrir eiga hlut að máli. Stefnt er að því að ritið komi fyrir sjónir almennings snemma á árinu 2008.

Móðurfélagið 40 ára

Á afmælisárinu 2008 er ráðgert að gera Skýrslutæknifélagið sýnilegra en áður. Vonandi nýtur öldungadeildin góðs af því en félagsmenn hennar geta einnig tekið þátt í því að ná þessu markmiði með því að efla starf faghópsins, auka vefinn, taka þátt í ráðstefnum og sýningum, hvaðeina sem athygli vekur. Eitt af því sem snemma kom á vefinn er annáll upplýsingatækninnar. Hann hefur lítt verið þróaður, en væri verðugt verkefni á afmælisárinu að bæta þar inn ýmsum atburðum sem þýðingu hafa haft eða eru frásagnarverðir.

Lokaorð

Af ofanrituðu má sjá að ærin verkefni bíða úrlausnar, og eru ekki öll á færi lítils fjárvana faghóps. Það sem félagar í öldungadeild geta gert er að hafa í frammi áróður fyrir málstaðnum við þær persónur í þjóðlífinu sem áhrif geta haft, kynna hann opinberlega og að hver og einn komi á tölvutækt form því sem hann eða hún hefur upplifað í faginu.

Öldungadeildin þakkar Skýrslutæknifélaginu, formanni þess og skrifstofu fyrir veittan stuðning, án hvers starfið væri allt miklu torveldara og enn meira í molum.